

Sp. 413. Tillaga til þingsályktunar

um æðsta vald í málefnum ríkisins.

Frá ríkisstjórninni.

Með því að ástand það, sem nú hefir skapast, hefir gert konungi Íslands ókleift að fara með vald það, sem honum er fengið í stjórnarskránni, lýsir Alþingi yfir því, að það felur ráðuneyti Íslands að svo stöddu meðferð þessa valds.